

Fundargerð 460. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, mánudaginn 15. janúar kl. 09:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Björn Arnaldsson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Fundargerð 459. fundar - 2301001HA**
Lögð fram til kynningar fundargerð 459. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 8. desember 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.
- 2. Umsögn um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg - 2312003HA**
Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til Matvælaráðuneytisins, dags. 10. janúar 2024, um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg, mál nr. S-245/2023.
- 3. Mengunarvarnaráð hafna - 2312004HA**
Lögð fram fundargerð mengunarvarnaráðs hafna frá 24. nóvember 2023. Einnig lögð fram vegna 4. liðar fundargerðarinnar, IMSAS úttekt OSRL 2018.
- 4. Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA**
Lögð fram til kynningar fundargerð 43. fundar Siglingarráðs frá 14. september 2023.
- 5. Fundir stjórnar 2024 - 2211001HA**
Rætt um fundarskipulag stjórnar 2024. Vorferð 6.-7.maí
- 6. Öryggismál - 2312002HA**
Lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til Siglingaráðs IRR, dags. 5. janúar 2024, um öryggisúttekt vegna siglingar skemmtiferðaskipa við strendur Íslands.
- 7. Fjarvigtun - 2009021HA**
Rætt um tilraunaverkefni um fjarvigtun en ekki er komið á hreint hvaða hafnir taka þátt í verkefninu.

8. Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip - Environmental Port Index - Epi - 2302001HA

Formaður gerir grein fyrir stöðu málsins..

9. Boðun hafnasambandsþings 2024 - 2210002HA

Lögð fram drög að bréfi hafnasambandsins til aðildarhafna Hafnasambands Íslands 2024, þar sem boðað er til hafnasambandsþings 24.-25. október 2024.

Fundi var slitið kl. 09:35